



Friðþægingardagurinn

Friðþægingardagurinn eða jom kippur er haldinn tíu dögum eftir nýársdaginn. Þessi dagur er helgastur allra helgidaga og því kallaður mesti hvíldardagurinn. Á þessum tíma biðjast gyðingar fyrir vegna synna sinna auk þess sem þeir fasta. Haldnar eru guðþjónustur í sýnagógunni allan daginn þar sem menn koma til að biðja Guð fyrirgefningar synna sinna.



Að fasta er að neyta hvorki matar né drykkjar.

Synd merkir yfirsjón eða brot á réttri hegðun.

En gyðingar líta svo á að Guð geti eingöngu fyrirgefið það sem þeir hafa gert á hans hlut. Ef þeir hafa gert eitthvað á hlut einhvers annars en Guðs verða þeir að leita beint til viðkomandi og óska eftir sátt og fyrirgefningu. Sá sem getur fengið fyrirgefningu Guðs verður einnig að vera tilbúinn að fyrirgefa öðrum.

Spurningar

1. Hvenær er friðþægingardagurinn haldinn?
2. Hvað er þessi dagur kallaður og hvers vegna?
3. Hvað gera gyðingar á friðþægingardeginum?
4. Útskýrðu hugmyndir gyðinga um fyrirgefninguna.